


Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2017

Bráðabirgðatölur






Afbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2017

Hér eru skoðaðar upplýsingar um afbrot og verkefni hjá LRH árið 2017 borið saman við fyrri ár. Um er að ræða **bráðabirgðatölur** sem teknar voru út úr kerfum lögreglunnar þann 29. desember 2017. Þessar upplýsingar ættu þó að gefa innsýn í hver staðan verður þegar árið verður gert upp. Fjallað er um öll skráð brot sem fengu framgöngu.

Helstu niðurstöður

- Tilkynt var um 9.421 hegningarlagabrot til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu árið 2017 sem er um níu prósent fjölgun á milli ára.
- Fjöldi tilkynninga árið 2017 er svipaður og hann var árið 2015.
- Sérreksilagabrotum fjölgaði um 34 prósent milli ára og voru 3.958 árið 2017.
- Skráð voru 27.940 umferðarlagabrot árið 2017 og fækkaði um 16 prósent milli ára.
- Tilkynt var um 4.815 auðgunarbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2017 og voru þau rúmlega helmingur skráðra hegningarlagabrot árið 2017. Tilkyntum brotum fjölgaði um 14 prósent á milli ára. Fjöldinn er þó svipaður og meðaltal síðustu fimm ára á undan.
- Tilkynt var um 889 innbrot árið 2017. Fjölgaði tilkynningum lítillega á milli ára. Að meðaltali var tilkynt um 74 innbrot á mánuði árið 2017, eða um 2,4 brot á dag.
- Tilkynt var um 309 kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2017. Eru það tæplega 12 prósent fleiri tilkynningar en bárust árið á undan og sjö prósent fleiri en meðaltal síðustu fimm ára.
- Um helmingur tilkynntra kynferðisbrota árið 2017 voru nauðganir. Tilkynningum um nauðganir fjölgaði um 16 prósent á milli ára.
- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 1.307 tilkynningar árið 2017 um brot sem falla undir flokkinn manndráp og líkamsmeiðingar. Tilkynningum fjölgaði um níu prósent á milli ára og hafa ekki verið jafn margar á einu ári frá því að samræmdar skráningar hófust hjá lögreglu árið 1999. Megin skýring þessarar fjölgunar er breytt verklag vegna heimilis- ofbeldismála.
- Stærstur hluti tilkynntra ofbeldisbrota var vegna minniháttar líkamsárása (217. gr.) eða um 80 prósent.
- Árið 2017 voru skráð 1.646 fíkniefnabrot hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Það er 22 prósent fjölgun mála milli ára.
- Stærstur hluti fíkniefnabrota, 72 prósent, er vegna vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna eða 1.191 brot árið 2017. Hafa ber í huga að þessi mál koma oft upp í tengslum við rannsókn annarra mála hjá lögreglunni.
- Árið 2017 voru skráð 217 mál vegna flutnings fíkniefna á milli landa. Málum vegna flutnings fíkniefna fjölgaði á milli ára.
- Eins fjölgaði málum vegna sölu og dreifingu fíkniefna. Skráð voru 153 mál árið 2017.
- Lögregla lagði hald á umtalsvert meira magn fíkniefna árið 2017 miðað við árið 2016.
- Til að mynda lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hald á tæplega 24 kíló af hassi, um 26 kíló af marjúana og 12 kíló af amfetamíni. Þá var lagt hald á um 2 kíló af kókaini árið 2017.



Mynd 1. Fjöldi hegningarlagabrota, sérrefsilagabrota og umferðarlagabrota árin 2011 til 2017

Hegningarlagabrot

Tafla 1. Fjöldi helstu hegningarlagabrota árin 2012 til 2017 (ath. tölur fyrir árið 2017 eru bráðabirgðatölur)

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Auðgunarbrot	4.989	4.751	4.501	5.126	4.218	4.815
Þjófnaður	3.317	3.316	3.119	3.493	2.939	3.305
Innbrot	1.012	851	881	1.064	849	889
Rán	45	47	46	50	41	48
Hylming	111	77	50	64	46	84
Gripdeild	52	42	39	62	60	44
Fjársvik	334	315	276	297	352	378
Fjárdráttur	71	70	48	36	46	35
Auðgunarbrot, annað	47	33	42	90	49	32
Kynferðisbrot	236	416	238	276	277	309
Nauðgun	84	114	71	126	124	144
Kynferðisbrot gegn börnum	64	113	85	60	62	51
Klám/barnaklám	17	21	11	22	4	14
Vændi	22	98	9	6	3	9
Kynferðisbrot, annað	49	70	62	62	84	90
Manndráp og líkamsmeiðingar	757	781	880	1.186	1.197	1.307
Líkamsárás, minniháttar	584	630	689	998	997	1.057
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	133	124	152	156	154	191
Líkamsárás, annað	40	27	39	29	46	59
Eignaspjöll og nytjastuldur	1.530	1.372	1.551	1.674	1.650	1.752
Minniháttar skemmdarverk	1.278	1.174	1.238	1.277	1.299	1.361
Meiriháttar skemmdarverk	22	25	29	37	26	46
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	230	173	284	360	325	345



Sérrefsilagabrot

Tafla 2. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2012 til 2017(ath. tölur fyrir árið 2017 eru bráðabirgðatölur)

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Fíkniefni	1.325	1.514	1.737	1.333	1.345	1.646
Flutningur fíkniefna milli landa	68	147	217	159	195	217
Framleiðsla fíkniefna	176	140	97	73	74	75
Sala og dreifing fíkniefna	115	177	201	133	120	153
Varsla og meðferð ávana og fíkniefna	892	1.026	1.205	947	932	1.191
Ýmis fíkniefnabrot	74	24	17	21	24	10

Tafla 3. Magn fíkniefna sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og tollur haldlögðu á árunum 2012 til 2017 (ath. tölur fyrir árið 2017 eru bráðabirgðatölur)

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hass (g)	546	173	357	1.395	646	23.855
Marijúana (g)	19.743	30.786	56.662	46.033	30.754	25.872
Amfetamín (g)	10.736	28.145	3.438	22.658	8.801	11.926
Metamfetamín (g)	0	81	68	13	1.014	226
Ecstasy (g)	894	101	144	3.513	1.814	4.345
Ecstasy (stk)	1.073	573	1.321	4.035	1.829	1.450
Kókaín (g)	4.279	830	980	6.027	621	1.809
Heróín (g)	0	0,9	0	0,4	0	0
LSD (stk)	14	115	2.761	700	370	379